

# MONITOR



FRÍTT  
EINTAK

TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍÞRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNÆÐ



# Öflugar tölvu

## iMac 21,5"

3,06GHz Intel Core i3  
4GB DDR3 vinnsluminni  
500GB harður diskur  
ATI Radeon HD 4670 256MB  
Þráðlaust íslenskt lyklaborð og mús  
Engir vírusar



Verð:  
**209.990,-**

Verð áður: 239.990.-



## MacBook Pro 13"

2,4GHz Intel Core 2 Duo  
4GB DDR3 vinnsluminni  
250GB harður diskur  
NVIDIA GeForce 320M 256MB  
Allt að 10 klst. rafhlöðuending  
Íslenskt lyklaborð (baklýst)  
Engir vírusar

Verð:  
**209.990,-**

Verð áður: 239.990.-



# Er á góðu verði



## MacBook 13"

2,4GHz Intel Core 2 Duo  
2GB DDR3 vinnsluminni  
250GB harður diskur  
NVIDIA GeForce 320M  
Íslenskt lyklaborð  
Allt að 10klst. rafhlöðuending  
Engir vírusar

Verð:  
**169.990,-**

Verð áður: 199.990,-

## Nýr iPod nano

8GB - 36.990.-  
16GB - 44.990.-

Geymir allt að 4000 lög  
Allt að 24 klst rafhlöðuending  
Vegur aðeins 21g  
FM útvarp  
7 litir



## MacBook Air

Forpantaðu þitt eintak á:  
[www.epli.is](http://www.epli.is)

Verð frá:  
**179.990.-** Væntanleg í nóvember



## Nýr Office Pakki fyrir Mac

Office : mac 2011

Microsoft hefur gefið út nýja útgáfu af hinum vinsæla Office pakka fyrir Mac.

Í pakkanum er að finna nýtt og makkalegra útlit, fleiri eiginleika og ýmsar skemmtilegar nýjungar.

**Verð frá 18.990.-**  
Væntanlegur um miðjan nóvember



**Opið til 21**  
alla fimmtudaga



**Ókeypis**  
námskeið

[www.epli.is/fraedsla](http://www.epli.is/fraedsla)

Apple búðin  
Sími 512 1300  
Laugavegi 182

Afgreiðslutími:  
Mán. - mið. 10-18 | Fim. 10-21  
Fös. 10-18 | Lau. 12-16

[www.epli.is](http://www.epli.is)

**epli.is**



# Þú færð meira á Tónlist.is



**25**  
AUKALÖG

Hjálmar · Keflavík Kingston  
+ Útgáfutónleikar í Háskólabíói

**1**  
AUKALAG



Betra verð  
**1.599,-**

Cliff Clavin · The Thief's Manual  
+ Concrete River (Acoustic)

**18**  
AUKALÖG



Betra verð  
**1.999,-**

Sniglabandið · 25  
+ Afmælistónleikar 2010

**25**  
AUKALÖG



Betra verð  
**1.699,-**

Baggalútur · Næstu jól  
+ Jólatónleikar 2009

**13**  
AUKALÖG



Betra verð  
**1.799,-**

Bang Gang · Best of  
+ 13 aukalög


Tónlistin er á betra verði á Tónlist.is



Betra verð  
**2.299,-**



Betra verð  
**2.499,-**



Betra verð  
**2.299,-**



Betra verð  
**2.299,-**



Betra verð  
**2.299,-**



**Tónlist.is**

Meira en 6.000.000 laga í boði!



Nú er Tónlist.is komin á iPod, iPhone og iPad



Tobba og Kalli ætla að láta gott af sér leiða og gefa eintök af Dömusíðum og Næstu jól undir jólatréð í Smáralind.

Mynd/Golli



## Engin barátta á milli okkar

### PLÖTUR BAGGALÚTS

- Pabbi þarf að vinna (2005)
- Aparnir í Eden (2006)
- Jól og blíða (2006)
- Nýjasta nýtt (2008)
- Sólskinið í Dakóta (2009)
- Næstu jól (2010)

**Tobba Marínós** gefur út bók á meðan kærastinn hennar **Kalli** og félagar hans í *Baggalúti* gefa út jólaplötu.

„Fólk getur hlustað á diskinn hans á meðan það les um stefnumót eða eldar upp úr bókinni minni,“ segir fjölmiðlaprinsessan Tobba Marínós. Hún hefur sent frá sér sína aðra bók, *Dömusíðir*, á sama tíma og kærastinn hennar, Karl Sigurðsson, kenndur við *Baggalúti*, hefur sent frá sér jólaplötu *Næstu jól*. „Ég er búinn að lesa bókina hennar og þetta er alveg fullkomið lesefni á meðan maður er að hlusta á diskinn,“ segir Kalli. „Við ætlum að vinna þetta eins mikið saman og við getum og vera dugleg að tala hvort annað upp,“ segir hann og er greinilegt að þau hafa myndað með sér mikið skjallbandalag.

### Prumpað fyrir framan kærastann

*Dömusíðir* er önnur bók Tobbu en sú fyrsta, *Makalaus*, kom út í vor og seldist feikivel. „Þetta er dömuhandbók sem kennir konum hvað ber að varast á Facebook, hvernig á að skipta um dekk,

hvernig á að forðast klamydíu og hvernig hægt er að prumpa fyrir framan kærastann án þess að hann hætti með þér. Og allt þar á milli,“ segir Tobba. Nafn bókunarinnar minnir óneitanlega á bók Gillzeneggers, *Mannasiðir*, sem kom út um síðustu jól. „Það var Egill sjálfur sem stakk upp á því að ég myndi skrifa þessa bók,“ útskýrir Tobba. „Við erum finir félagar og höfum þekkt síðan hann var að deita frænku mína þegar við vorum unglingar í Kópavogi. Þá var hann með fjólublátt hár og vann á pítsastaðnum Papinos í Kópavogi.“

### Óttalegir jólakarlar

Jólaplata *Baggalúts*, *Næstu jól*, er sjötta platan sem flokkurinn gefur út. „Við erum óttalegir jólakarlar,“ segir Kalli. „Við höfum gefið út að minnsta kosti eitt jólaglag á ári frá árinu 2001. Við gáfum út jólaplötu 2006, en á þessari plötu er að finna þau sjö lög sem við höfum gefið út síðan þá

auk fjögurra nýrra,“ segir hann.

*Baggalúti* heldur fjóra jólatónleika og seldist upp á þá alla á met tíma án þess að þeir væru auglýstir nokkuð. „Við höfum fengið ákúru frá fólki sem náði ekki að kaupa miða en við höfum ekki tækifæri til þess að bæta við tónleikum, bæði út af salarkynnum og eins vegna tímaleysis hjá okkur. En við erum hvergi nærri hættil að halda jólatónleika,“ segir Kalli.

Vefur *Baggalúts* hefur verið starfandi frá árinu 2001 en hefur aldrei verið vinsælli en nú og er á meðal aðsóknarmestu vefja landsins. Það er freistandi að spyrja hvort *Baggalúts* menn hafi ekki rætt um að reyna að hagnast á sölu auglýsinga á vefnum. „Það hefur ekki komið til umræðu hjá okkur. Okkur langar ekkert til þess að menga hann með einhverjum utanaðkomandi öflum. Ekki fyrr en við erum orðnir staurbankir,“ segir Kalli og hlær.

## Monitor mælir með

**SPILARANN** Austfirsku drengirnir í hljómsveitinni *Miri* gáfu nýverið út fyrstu breiðskífu sína sem ber nafnið *Okkar*. Um er að ræða stórgóða og kröftuga plötu sem allir verða að kaupa sér hið snarasta. Nær ekkert er sungið í lögum *Miri* en ekki láta blekkjast, þau eru samt flott.



**BIÓ** Nú eru strákarnir í *Tjakk* rassi mættir aftur og það í þrívídd.

*Jackass 3D* gefur fyrri upptækjum Johnny Knoxville og félagar ekkert eftir og í þessari mynd ganga þeir jafnvel lengra í fíflaskapnum en áður. *Monitor* er að gefa miða á myndina á Facebook.



**FYRIR SÆLKERA** Nýjasta æðið í eldhúsinu eru vafalaust hinar dísætu cupcakes. Allskonar skraut og fönður fylgir gerð þessa krúttlega sætabrauðs og nú er meira að segja hægt að fara á námskeið í cupcake skreytingum.



### Vikan á...

## facebook



**Högni Egilsson**  
Eigum við að hætta að tala um tilfinningar og spila smá

músík? 9. nóvember kl. 22:37



**Óli Geir Svanur**  
hjá Tattú og Skart búin að setja síðustu myndina inni

sleevið mitt sem hann er að gera, ekkert smá sáttur! Ég á bara eitt session eftir og það er í byrjun des, þá er hendir reddý :) Á bara eftir að skyggja á gera bakrunnnnn!

9. nóvember kl 19:13



**Blaz Roca**  
er ógeðslega sáttur með rosalegustu útgáfutónleika

í mannkynssöggunni. takk fyrir allt þetta rosalega pepp, luuuuuuuuuuuuuuuuuu!

8. nóvember kl. 04:20



**Auðunn Blöndal**  
hahahahaha og ég sem var farinn að halda að enginn sem

ég þekkti á facebook héldi með Liverpool...sjá þessa lúða spretta út eins og beljurnar á vorin eftir 1 nettann og þakklátann heimasigur :)

7. nóvember kl. 18:24



**Ingólfur Þórarinnsson**  
ég er alveg eins á djamminu og knattspyrnu-

vellinum. Legg meira upp fyrir félagana en ég skora sjálfur.

6. nóvember kl. 15:59

### Feitast í blaðinu

**Friðrik Dór og Sveppi** mætast í undanúrslitum popppunkts fræga fólksins. >>6

**Barði Bang Gang** nennir ekki að flippa, en er í stórskemmtilegu viðtali. >>8

**Í kvikmyndahúsum landsins** verður heilmikið um að vera um helgina. >>11


**Stíllinn** í stjórnu-stríði og ræðir við stelpur sem standa fyrir skransölu. >>12

**Arnar Grant** er ekki bara líkamlegt musteri. Hann þreytir Lokaprófið. >>14

### Efst í huga Monitor

## Prófaljóta og jólaspik óþörf

**B**rútt hefst lærdómsátak fyrir jólaprófin hjá skólafólki og jólin nálgast óðum. Það er mikilvægt að missa sig ekki í nammiáti á þessum tíma og halda heilbrigðinu vel við. Smá prófaljóta og jólaspik eru eðlileg en það er hægt að koma í veg fyrir hvort tveggja með einföldum aðgerðum. Í prófunum er til dæmis mjög gott að hreyfa sig milli þess sem maður hellir sér í lærdóminn og getur það verið virkilega hressandi. Einnig væri sniðugt að sleppa öllu prófanamminu og borða til dæmis vínber í staðinn. Hvað varðar adventuna er alveg fráleitt að ætla sér að sleppa öllu sætabrauði og nammi á þeim tíma en öllu þarf að stilla í hof. Upplagt væri að reyna að gæða sér á hollu hátíðafæði eins og mandarínnum, sem eru virkilega jólalegt góðgæti sem allir elska. Ekki missa ykkur á næstu mánuðum. Þið gætuð séð eftir því.



PRÓFIN OG JÓLIN FARA ILLA MEÐ MARGA Á VIGTINI





## Sýndar-Jóhanna

Á vefsíðunni Stardoll.com býðst notendum að skapa sér sínar eigin dúkkulísur og klæða þær upp eftir eigin höfði í sýndarútgáfur af klæðnaði ýmissa stjarna og tískumógúla. Ungir aðdáendur Eurovision glöddust á spjallborði nokkru á dögunum þegar þeir uppgötvuðu að rjómatertukjöllinn frægi, sem Jóhanna Guðrún klæddist á sviðinu í Moskvu, hefur verið endurskapaður á síðunni. Kjöllinn góði er þó ekki ókeypis frekar en annað en hann kostar heila tíu stjörnudollara, sem er eini gjaldgengi gjaldmiðillinn á síðunni.

Jóhanna er ekki fyrsti Íslendingurinn til að fá sýndarútgáfu af kjól sínum á Stardoll því þar má einnig nálgast svanakjól Bjarkar.



FRIDRIK DÓR TÓNLISTARMAÐUR

## Árni berst við Norður-Íra

MMA-kappinn Árni „úr járni“ Ísaks-son berst við norður-írskan náunga að nafni Ronan McKay í Belfast á Norður-Írlandi á laugardaginn. Árni hefur verið við stífar æfingar í Dublin á Írlandi undanfarinn mánuð hjá kappi að nafni John Kavanagh og kveðst hann vel undirbúinn og ætlar sér ekkert annað en sigur. Skammt er síðan Árni gerði góða ferð til Úkraínu þar sem hann lagði Rússann Magomed Saadulaev að velli og varð ProFC-meistari. Á mbl.is má sjá myndband frá því þegar Monitor hitti Árna í Combat Gym í Ármúla og fékk hann til að sýna hvernig hann pakkaði Rússanum saman.



## Benni Hemm Hemm með nýja breiðskífu

Fjórða breiðskífa tónlistarmannsins, Benna Hemm Hemm er væntanleg í búðir á næstu vikum. Gripurinn ber nafnið Skot og inniheldur lög sem Benni samdi í Skotlandi þar sem hann er búsettur. Hljómsveitin Retro Stefson spilar með Benna á plötunni sem var tekin upp í Sundlauginni í sumar. Lagið FF ekki CC þar sem Benni sannfærir sjálfan sig um að kjötát sé slæm hugmynd hefur nú þegar fengið góðar viðtökur síðan það fór í spilun í sumar. Annað lagið til að fara í spilun er Við við til til og er þar á ferðinni frábær smellur.



# POPPUNKTUR fræga og fallega fólksins

Friðrik Dór og Sveppi mætast í undanúrslitum.

1. Hvaða söngvari er nýlega byrjaður aftur í Take That?
2. Hvað heitir fyrsta sólóplata Kalla Bjarna?
3. Frá hvaða borg kom hljómsveitin Nirvana?
4. Hver lék pabba Jacks Sparrows?
5. Hvaða hljómsveit gerði plöturarnar Mesmerize og Hypnotize?
6. Hvaða hljómsveit var að gefa út plötuna Upp og niður stigann?
7. Hvað heitir krakkapönbandið sem Heiðar og Halli í Botnleðju eru í?
8. Hvað geta ekki allir verið samkvæmt nýju lagi með Páli Óskari?
9. Hver Bítlanna söng Yellow Submarine?
10. Hvert er eftirnafn Georgs í Sigur Rós?
11. Hvaða ár er Lady Gaga fædd?
12. Hvaða fræga söngkona var systir Villa Vill?
13. Hvað heitir yngsta dóttir Bubba Morthens?
14. Með hvaða bandi trommaði Dave Grohl?
15. Með hvaða hljómsveit gaf Andrea Gylfa fyrst út?
16. Um hvaða íþrótt er frægasta lag Carl Douglas?
17. Hvaða þungarokksband hætti að mála sig 1983?

### FRIDRIK DÓR

1. Robbie Williams.
2. Hún heitir Þetta er lífið.
3. Seattle.
4. Keith Richards.
5. Prodigy eða eitthvað?
6. Sálín.
7. Pollapönk.
8. Gordjöss.
9. Ringo Starr.
10. Hólm.
11. 1987.
12. Ellý Vilhjálms.

12 RÉTT

13. Dögun París.
14. Nirvana.
15. Todmobile.
16. Amerískan fótbolta?
17. Kiss.

### SVEPPI

1. Robbie Williams.
2. Heitir hún ekki bara Kalli Bjarni?
3. Seattle.
4. Keith Richards.
5. Duran Duran.
6. Ég giska bara á Hjálma.
7. Pollapönk.
8. Gordjöss.
9. Ringo.
10. Hólm, Goggi Hólm!
11. 1983.
12. Ellý.

13 RÉTT

13. Dögun París.
14. Nirvana.
15. Grafík.
16. Amerískan fótbolta?
17. Kiss.

## Fljótfermin varð mér að falli

Ég hefði átt að taka System Of A Down. Fljótfermin varð mér að falli svo ég hef við engan að sakast nema sjálfan mig. Ég verð bara að bíta í það súra epli að hafa brugðist sjálfum mér.

Eftir að hafa rétt marið Völu Grand átti ég nú satt að segja ekki von á miklu frá Sveppa, en hann hefur greinilega tekið sig gífurlega á og lagst yfir fræðin. Ég var næstum því alveg viss um að Friðrik Dór myndi vinna, en enn einu sinni kemur bara í ljós að ekki er allt sem sýnist í Poppunkti – allt getur gerst. Ég óska Sveppa til hamingju með að vera kominn í úrslit og kveð Friðrik með söknuði. Ég fæ hann kannski bara í Poppunkti í sjónvarpinu næsta sumar í sameinað lið hjartaknúsara.

## Aldurinn að segja til sín

Djöfull er ég góður! Andrea Gylfa bjargaði þessu. Ég held að reynslan hafi skilað mér sigrinum. Maður er hokinn af reynslu í lífinu. Til dæmis spurningin um Grafík, þar er aldurinn að segja til sín.

NÝJA POPPUNKTSSPILID ER VÆNTANLEGT Í VERSLANIR Í NÓVEMBER

# Spennandi námskeið fyrir ungt og skapandi fólk

Námskeiðin í Studio list slá aldeilis í gegn.

„Þetta er mjög skemmtilegt,“ sagði Eiríkur Guðmundsson er Monitor náði tali af honum en Eiríkur, ásamt Valdimari Erni Flygenring leikara, sér um fyrirtækið Studio list. „Námskeiðin hafa heppnast vel og sumir hafa sótt um að koma oftar en einu sinni,“ segir Eiríkur en Studio list sér um námskeið í leiklist, kvikmyndagerð og framleiðslu á kynningarefni og stuttmyndum fyrir fólk á aldrinum 18-25 ára á vegum Vinnuálastofnunar. „Við erum með frábæra aðstöðu hérna,“ segir Eiríkur en námskeiðin halda áfram í vetur og verður skemmtilegt að sjá útkomuna.



HÓPURINN Í STUDIO LIST Á GÓÐRI STUNDU

Mynd/Ernir

SVÖR: 1. Robbie Williams, 2. Kalli Bjarni, 3. Seattle, 4. Keith Richards, 5. System of a down, 6. Sálín hans jóns mín, 7. Pollapönk, 8. Gordjöss, 9. Ringo, 10. Hólm, 11. 1986, 12. Ellý Vilhjálms, 13. Dögun París, 14. Nirvana, 15. Grafík, 16. Kung Fu, 17. Kiss.






**AFSLÁTTUR  
HJÁ OFFICE 1**



**BÖNS AF  
MONNÍS!**



**20% AFSLÁTTUR**

**SAMBÍÓIN**

**2 FYRIR 1 Í SAMBÍÓ  
Á MÁNUÐOGUM**



**HEITUR  
AFSLÁTTUR**



**DÚ GREIÐIR  
6 MÁNUÐI  
EN MEIRA Í 9**

**World Class  
ISLANDS**

**HELKÖTTAÐUR**



**GRILLAÐUR  
15% AFSLÁTTUR**



**ATH! AÐEINS  
FYRIR BYR  
NÁMSMENN**



Það bíða þín allskonar tilboð og afslættir sem spara þér alveg böns af monnís ef þú gerist Byr námsmaður. Kynntu þér málið á facebook síðu Byrs námsmanna, hjá ráðgjöfum Byrs eða á byr.is





viðtalið



# Lítið fyrir tilfinningarúnk

**Barði Jóhannsson** tónlistarmaður talar um ferilinn, menntaskólaárin, flipp, djöflasýru, **Júróvisjón**, appelsínugult fólk og að sjálfsgöðu tónlistina sína.

**Texti:** Sigyn Jónsdóttir  
**Myndir:** Ernir Eyjólfsson

sigyn@monitor.is  
ernir@mbl.is

Barði Jóhannsson er með svakalega ferilskrá og hefur farið um víðan vöð. Hann hefur unnið mikið með frönsku tónlistarkonunni Keren Ann en saman skipa þau dúettinn Lady & Bird sem hefur notið mikilla vinsælda, sérstaklega í Frakklandi. Barði og Keren Ann gáfu út tvær plötur saman og eru núna að vinna í franskri óperu. Barði hefur einnig samið tónlist við norna-myndina Haxan, unnið með íslenskum og búlgörskum símfónihljómsveitum, samið tónlist fyrir frönsku hraðlestarnar og hannað fót. Þá samdi Barði tónlist fyrir kvikmyndina Reykjavík-Rotterdam, heimildarmynd um Andy Warhol, margar auglýsingar og ýmsa sjónvarpsþætti. Líklega þekki flestir hann þó sem Barði í Bang Gang. Allt frá útgáfu fyrstu plötu Bang Gang, You, árið 1998 hefur hann unnið dag og nótt og gefið út plötur Something Wrong og Ghosts From The Past sem Bang Gang og fengið fádæma góðar viðtökur víða. Nýlega kom út safnplatan Best of Bang Gang en þar má finna alla helstu smelli sveitarinnar ásamt útgáfum annarra listamanna af lögum Bang Gang.

**Hvernig kom nafnið Bang Gang til?** Það voru eiginlega mistök. Í lok menntaskóla byrjaði ég með Henrik vini mínum í hljómsveitinni og þá vorum við að gera surf-tónlist. Við fórum svo hvor í sína áttina, ég fór út í meiri rafpælingar og hann endaði sem hljómsveitin Singapore Sling. Ég ætlaði mér aldrei að verða forsöngvari í hljómsveit og fékk því Esther Tháliu með í lið sem söngkonu og sendi nokkur demó til útgefanda. Sá vildi gefa okkur út og þá vantaði nafn á hljómsveitina. Ég vissi ekkert hvað ég átti að skíra hana svo ég endaði á því að hringja í Henrik og spyrja hann hvort ég mætti nota Bang Gang nafnið. Þetta nafn passaði vel á surf-tónlistina sem við höfðum verið að gera en var minna viðeigandi við nýju stefnuna. Þar sem ég fann ekkert betra ákvað ég að láta vaða og nota nafnið. Ég hef hugsað um að skipta um nafn en þetta lítur vel út á prenti og það er full seint að breyta núna.

**Hefurðu lært eitthvað í tónlist?** Ég lærði á flautu þegar ég var barn, lærði á píanó þegar ég var tíu ára og svo lærði ég á gítar og tónfræði í FÍH. Ég hætti tónlistarnámi af því ég átti svo erfitt með að spila coverlög og æfa skala. Ég var sendur heim með einhverjum ömurlegum lögum sem mér fannst menga mig. Að spila eitthvað leiðinlegt aftur og aftur dreypur bara löngunina til að skapa tónlist.

Mig langaði alltaf miklu meira að spila eigið efni. Ég er til dæmis algjörlega ópartífær á gítar. Ég kann engin lög og man enga texta, ég rétt svo man mína eigin. Það er tilgangslaust að rétta mér gítar og biðja mig um að spila einhver lög sem allir þekki, af þeirri einföldu ástæðu að ég kann þau ekki. Sumir eru svo fljótir að ná coverlögum en ég hef ekki einbeitt mér að því enda aldrei viljað spila á balli.

**Hvernig varstu sem krakki?** Ég gleymi því aldrei þegar ég var beðinn um að skila söguverkefni og kennarinn sagðist ætla að

gefa helming af einkunninni fyrir frumlegheit. Ég skilaði verkefninu á mjög frumlegan hátt en kennarinn neitaði að taka við því. Þá hafði ég lesið inn á hálfum hraða alla ritgerðina og sett hljóddæmi við. Þarna hef ég verið svona 13 eða 14 ára. Ég var rosalega sár og pirraður því hann hafði beðið um frumlegheit. Hann var með einhverja staðlaða mynd um hvað væri frumlegt sem er í rauninni eins og í sjónvarpinu. Ef einhver á að vera flippaður í sjónvarpi grettir hann sig, drekkur eitthvað ógeð, hlær að eigin myndum eða kemur með einhver svona flippbúning. Það er til stöðluð mynd af því hvernig frumlegheit eiga að vera og helst á það að vera flipp.

**Hvernig týpa varstu í menntaskóla?** Ég var ömurleg týpa. Enn að finna mér stíl. Ég var í listafélaginu og gerði einhverjar áhrifdarlög og svona. Þetta er tími þar sem maður er rosalega óöruggur en líka mjög skemmtilegur tími. Það segja allir að maður þurfi að nýta tímann í menntaskóla því það séu skemmtilegustu árin og svo þegar maður kemur í háskóla er þetta líka sagt og svo framvegis. Það er alltaf verið að segja manni að njóta nútímans því allt verði svo leiðinlegt seinna. Svo er kannski einhverjum sem líður illa í menntaskóla og allir eru að hamra á því að þetta eigi að vera besta tímabil lífsins. Það er ekki mjög uppörvandi og tómt kjafæði. Öll tímabil hafa sína kosti og galla. Menntaskólinn er ekkert endilega hápunkturinn á tilverunni.

**Ertu hrifinn af ungu íslensku tónlistarfólki í dag?**

Ég hlusta á allt sem ég kemst yfir og það eru fullt af skemmtilegum ungu tónlistarmönnum. Það kom einhver hola en núna eru að koma rosalega góðir og einbeittir tónlistarmenn fram á sjónarsviðið. Það er gaman að sjá metnaðinn og ég er búinn að vera að biða eftir þessari kynslóð. Þeir hafa verið að undirbúa sig vel í skúrunum.

**Var mikið basl hjá þér í byrjun ferilsins?** Ég var í fullt af hljómsveitum og alltaf að gefa út spólur í grunnskóla-hljómsveitinni Öpp Jors. Mesta vesenið var eftir að allt fór af stað og þá byrjaði í rauninni baslið. Ég hef aldrei verið með neinn eiginlegan umboðsmann til að gera samninga, vinna endalaus pappírsvinnu og svoleiðis fyrir mig. Ég er meira og minna búinn að vinna dag og nótt síðan.

**Hvað varstu að gera áður en þú fórst á fullt í tónlistina?** Ég lærði að sauma í eitt ár og fór í íslensku í háskólanum í hálf tón. Svo hef ég alltaf ætlað að taka einhverja kúrsa en ekki haft tíma því það er búið að vera svo mikið að gera. Ég starfaði við allan fjandann, afgreiddi á bensínstöð, var flokkstjóri í unglíngavinnunni, með útvarpsþátt, blaðamaður o.s.frv. Ég fór samt frekar snemma að vinna eingöngu við tónlist. Það er búið að vera skemmtilegur og lærdómsríkur tími síðan ég kláraði menntaskóla. Að sjálfsgöðu er lífið samt aldrei eingöngu upp á við.

**Lögum þínum hefur verið lýst sem sorglegum. Ertu leiður maður?** Hver og einn sem er að gera tónlist hlýtur að setja eitthvað af sjálfum sér í verkin og það gefur músikinni líf. Síðasta platan mín var svolítið beint út þó ég sé ekki með einhverjar raunlýsingar á mér sjálfum. Ég hlustaði á einhverja plötu um daginn þar sem var raunlýsing á einhverri skrifstofu sem var einhver veginn svona: „Ég sit á skrifstofunni og hér eru víxlar sem þarf að borga.“ Þetta á að vera eitthvað rosa skemmtilegt en mér finnst raunlýsing á skrifstofuvinnu og víxlum ekki eiga heima í tónlist. Tónlist á að vera meira inn á við frekar en vettvangslýsingar af daglegu

▲▲ Ég veit ekki hversu oft ég væri á forsíðum ef ég sæi ástæðu til að tilkynna hvern einasta fund sem ég hef átt með einhverjum yfirmanni í bransanum.

## HRADASPURNINGAR

**Eitthvað ógeðslegt?** Það er svo margt. Til dæmis saur frá einhverjum sem tengist mér ekki eða kannski gróftur úr bólu einhvers sem tengist mér ekki.

**Eitthvað girnilegt?** Nýi diskurinn minn, Best of Bang Gang, er mjög girnilegur.

**Mest pirrandi hljóð sem þú veist um?** Annars vegar hljóðið sem kemur þegar hvítir korkar nuddast saman og hins vegar viðstöðulaus hátíðnihljóð.



**Fallegasti staður á Íslandi?** Þeir eru margir, til dæmis Ásbyrgi.

**Besta kvikmyndin?** Wild At Heart, Dead Ringers og Suspiria.

**Mesta prakkarastrik?** Ég geri ekki svoleiðis.

**Fyndnasta manneskja í heimi?** Kölski.

**Uppáhaldsnammi?** Parketlegin uxahalsápa í Jóhannesarplú.



lífi, að mínu mati. Annars er mér nokkuð sama hvað fólk er að gera, ég kann að slökkva á raftækjum, þannig að það truflar mig ekki. Enda geri ég enga kröfu á að allir fili mína tónlist.

**Tekurðu þér aldrei frí?** Ég held ég hafi tekið mér nokkur tveggja til fjögurra daga frí á síðustu tíu árum. Fólk er að væla yfir löngum vinnudögum og er kannski í fríi allar helgar. Ég veit ekki hvar ég væri staddur í dag ef ég hefði alltaf tekið helgarfrí. Það væri ábyggilega allt komið í rugl og ég ekki að vinna við tónlist. Ef ég fer í frí fæ ég yfirleitt einhverjar hugmyndir sem ég svo verð að koma í framkvæmd. Annars á ég örugglega uppsafnað frí sem nemur einhverjum árum. Það er aldrei að vita nema maður fari að huga að því að innleysa það.

**Þú ert kannski ekki týpan sem fer á Facebook í margar klukkustundir?** Nei, alls ekki. Ég get ekki farið á sólarströnd til þess að liggja flatur og slappa af, maður stressast bara allur upp af því. Ég hef tvisvar farið hringveginna á þremur dögum, það verður að vera eitthvað að gerast. Það er hægt að gera fullt skemmtilegt og ég er hrifinn af að búa til einhverja djöflasýru. Mér finnst gaman að framkvæma það sem maður talar um og það sem mér dettur í hug. Maður kemst aldrei að því hvort maður fili eitthvað nema maður prófi það og láti hvara vaða, svo framarlega sem það er innan siðsemismarka og skaðar engan.

**Þú hefur komið fram í Bandaríkjunum, Japan og um alla Evrópu. Hvar finnst þér best að vera?** Ég kann rosalega vel við mig heima og í stúdíóinu. Ég gæti samt hugsað mér að búa í L.A. í einhverjum smá tíma en ekki of lengi. Ég reyndi einu sinni að búa í París og entist í þrjár vikur. Samt finnst mér mjög gaman að vera þar og vinna en ég næ lélegri einbeitingu á svona stórum stöðum. Það er gaman að hafa komið víða þó maður nái oftast ekki að skoða neitt. Sumir staðir hafa náð að heilla mann en ég hef líka keyrt í gegnum skelfilegar borgir og alls ekki viljað koma þangað aftur nema tilneyddur.

**Þú og franska tónlistarkonan Keren Ann sem dúettinn Lady & Bird fenguð mikla athygli, sérstaklega erlendis. Já, önnur platan okkar var gefin út af EMI í Frakklandi og MUTE í Bretlandi, sem er sama útgáfufyrirtæki og Nick Cave og Depeche Mode eru hjá en ég held það viti enginn af því hérna á Íslandi. Þegar sumir Íslendingar fara á fund með einhverjum yfirmanni stórfyrirtækja í músikbransanum hringja þeir það inn sem forsíðufrétt. Ég veit ekki hversu oft ég væri á forsíðum ef ég sæi ástæðu til að tilkynna hvern einasta fund sem ég hef átt með einhverjum yfirmanni í bransanum.**

**Hvernig var að vinna með símfónunni?** Það er mjög skemmtilegt að fá símfónu-



hljómsveit til að spila verkin sín. Þetta er svo stór hljóðheimur. Það var líka ótrúlegt fyrir mig að syngja bara og vera ekki að spila. Þegar ég byrjaði í tónlist ætlaði ég helst ekki að vera á sviðinu, svo var ég allt í einu kominn á svið með engan gítar, bara að syngja og það með sínfóníu. Ég hugsaði með mér: Hvað er ég búinn að koma mér út í núna? Ég hafði miklar áhyggjur af að buxnaklaufin mín væri opin því yfirleitt hylur gítarinn það svæði. Ég gáði svona sex eða sjö sinnum áður en ég gekk á svið hvort klaufin væri ekki örugglega lokuð. Þegar við spiludum svo í París náði ég að njóta augnabliksins betur þó það hafi verið líka gaman hérna heima.

**Heimildarmyndin Who Is Barði?** sýnir mjög sterka mynd af þér sem karakter. Þetta var í rauninni kynningarmynd fyrir útgáfuna á Something Wrong í Frakklandi. Yfirleitt eru gerðar svona myndir þar sem hljómsveitin er að tala um hvað hún er góð og sýnt úr stúdíóinu. Þetta eru svona sjálfshólsmyndir þar sem ákveðin ímynd er sköpuð og ég vildi ekki gera enn eina svona mynd þar sem ég sit við mixerinn og sýni öllum hvað ég er flinkur. Ég vildi frekar gera eitthvað sem er skemmtilegt að horfa á og vann þessa mynd með Ragnari Braga fyrir nokkuð löngu síðan.

**Þú ert afsþyrnu rólegur og virðist stundum áhugalaus í sjónvarpsviðtölum.** Áður en sjónvarpsvélur fara í gang talar maður við spyrillinn eðlilega. Svo um leið og kveikt er á myndavélinni breytir spyrillinn oft um rödd, breytir um týpu, fer allur að vera á iði og hagar sér skyndilega eins og hann hafi andað að sér hlátursgasi. Mér er alveg sama þó aðrir vilji vera í skrípaleik og leika einhverjar týpur og fara svo að væla inni í skáp. Labbandi inn í sjónvarpsal kreistandi út hlátur, látast rosa hressir og miklir með sig, í staðinn fyrir að geta bara sagt: Í dag er ég ekkert svo hress. Nú, eða bara vera eðlilegur.

**Finnst þér fíflaskapur vera merki um veikleika?** Það er ætlast til þess að maður hlægi að öllum bröndurum þó þeir séu ekki fyndnir og svo eru menn oftast búnir að maka sig út í einhverri appelsínugulri sápu. Fólk segir eitthvað óöryggisbull og svo kóa þau hvort annað með ööryggishlátri. Um leið og útsending er búin fara þeir úr karakternum, halda heim og eru jafnvel með leiðindi. Síðan sitja þeir uppi með þessa hressu gervitýpu. Ef þetta væru leiknir þættir væri þetta í lagi en í raun er fólk að þykjast vera það sjálft, án þess að vera það sjálft. Mér finnst allt í góðu ef menn vilja spila þennan fíflaleik, ég vil bara ekki taka þátt í honum. Eins er ég lítið fyrir tilfinningarúnk og því þegar spyrjar vita ekkert um viðmælandann. Spyrillinn er sá sem fær borgað fyrir að taka viðtöl og því lágmark að hann sé búinn að vinna heimavinnuna sína. Annars er ég ekki að alhæfa og það eru til margir eðlilegir spyrjar á Íslandi.

**Var þátttaka þín í Laugardagslögnum árið 2008 ekki óvænt skref á ferlinum?** Ég var beðinn um að vera með og ég er alltaf til í áskorun. Hingað til hefur Júróvisjón ekki verið ofarlega á blaði hjá mér þannig að ég ákvað að slá til. Ég varð að prófa þetta og sjá hvort ég væri skápa-Júróvisionisti. Svo var ekki, en ég alla vega prófaði og allir sem tóku þátt í atriðunum mínum voru frábærir og þetta var mjög góð skemmtun... , það var gaman en bara einu sinni. Það eru margir sem eru að gera þyngri tónlist sem segjast geta samið vinsælt popplag á klukkutíma, en þeir gera það aldrei og sanna það ekki. Ég vildi sanna þetta fyrir sjálfum mér að geta gert vinsælt popplag á þremur tímum. Margir tala bara um hlutina og geta svo ekkert.

**Geturðu gefið mér dæmi?** Ég hitti einu sinni franskan gaur í partí og hann sagði vera svo mikill listamaður að hann vildi ekki láta gefa út tónlistina sína. Í staðinn var hann með rosalegt konsept sem hann sagði að væri mjög vinsælt og virkaði þannig að hann hélt alltaf bara eins manns tónleika í herberginu sínu. Síðan fór ég að spyrjast fyrir um manninn og þá voru allir mjög pirraðir á honum því hann var alltaf að hringja í fólk og biðja það um að koma heim til sín. Hann var að þína fólk til að mæta á tónleika sem það gat ekki labbað út af. Þetta var ábyggilega eina leiðin fyrir hann að fá einhvern til að sitja undir draslinu sínu.

**Finnst þér konseptið ekki skipta máli?** Það er oft búið til svakalegt konsept sem er mjög flókið en verkið sjálft er kannski einfaldlega lélegt. Niðurstaðan endar sem drasl þó að konseptið væri rosalega flókið. Mér er alveg sama um konsept, niðurstaðan skiptir máli. Annaðhvort er þetta flott eða ljótt, vekur upp tilfinningu eða ekki. Það er alltaf hægt að búa til einhver konsept um ekki neitt. Þú ferð kannski á listasýningu og listamaðurinn kemur og segir: „Áður en þú sérð sýninguna verðurðu að heyra konseptið.“ Af hverju? Svo liggur bara penni á borðinu. Ég gæti fantaserað upp konsept á bakvið allan fjandann. Ég gæti lagt bjórdós á borðið og útskýrt konseptið klukkutímum saman. Eftir stendur: bjórdós á borði. Slík list var uppreisn fyrir mörgum árum, í dag flokka ég það bara undir leti og skort á hugmyndaflugi.

**Hvað finnst þér skemmtilegast að vinna í tónlist?** Allt hefur sína kosti og galla. Þegar ég er að gera plötu tekur það rosalega langan tíma sem er skemmtilegt því þá get ég gefið mér tíma til að fara í öll smáatriði. Að búa til tónlist við auglýsingu tekur hins vegar kannski innan við viku svo kosturinn við slíka vinnu er að sjá eitthvað klárast á stuttum tíma. Maður er kannski endalaust að dútla eitthvað í plötu og meira að segja eftir að hún er komin út vil ég laga eitthvað, sem getur verið mjög pirrandi. Svo þarf maður að spila efnið sitt í mörg ár svo ég vil ekki gefa út eitthvað drasl og sitja uppi með það.

**Hvernig myndirðu flokka tónlistina þína?** Það er búið að flokka tónlistina mína í allskonar stefnur en ég myndi segja að hún væri góð. Það er bara til góð og léleg tónlist og mín flokkast undir góða, annars væri ég ekki að senda hana frá mér. Að sjálfsögðu er svo hver og einn einstaklingur með mismunandi smekk þannig að það eru örugglega margir sem eru ekki sammála mér.



Ég varð að prófa þetta og sjá hvort ég væri skápa-Júróvisionisti. Svo var ekki.



„Ég elska andann sem lætur fólk gera hluti sem það ætti eiginlega ekki að gera.“ - **Johnny Knoxville**

## Popp-korn

Oprah Winfrey slær leikkonunum í Hollywood ref fyrir rass þegar kemur að tekjuöflun en sjónvarps-drollan fræga er hæstlaunaða konan í skemmtana-íðnaði þar vestra. Þénar hún rúmlega þrjá og hálfan milljarð íslenskra króna árlega, sem er um það bil það sama og næstu fimm konur á listanum þéna til samans. Þær eru Beyoncé, Britney Spears, Lady Gaga, Madonna og Sandra Bullock.



Rubik's cube, þraut-teningurinn sem flestir hafa spreytt sig á, gæti nú hugsanlega orðið efni í bíómynd. Erfitt er að ímynda sér hvernig hægt verður að gera heila bíómynd úr fyrirbærinu en fram að þessu hafa þó verið gerðar kvikmyndir byggðar á annars konar leikjum, til dæmis eftir tölvuleiknum Tomb Raider. Framleiðendum tekst þó varla að fá Angelinu Jolie til að fara með hlutverk teningsins.



Söngkonan Taylor Swift og Kanye West hafa ekki verið sérstaklega miklir máttar eftir að hinn síðarnefndi niðurlægði Swift þegar hún tók við MTV-tónlistarverðlaununum. Saga þeirra mun þó hljóta góðan endi í nýrri blárrí mynd þar sem tvífarar þeirra munu freista þess að túlka hugsanlegan sáttafund. Ekki fylgir sögunni hvernig hinni þrúðu Swift list á athæfið en sagan segir að West muni ekki hafa áhyggjur af málinu.



Móðir leikkonunnar Brittany Murphy, sem lést með sorglegum hætti í fyrra, hyggst gefa út bók til að slá á ýmsar sögu-sagnir sem hafa verið í gangi frá andláti hennar. Hefur því meðal annars verið haldið fram að móðirin hafi deilt rúmi með eftirlifandi kærasta hennar í nokkra mánuði eftir atvikið, en kærastinn lést svo sjálfur á þessu ári, einnig með svipleikum hætti.



EKKI REYNA ÞETTA HEIMA HJÁ YKKUR



## Frumskýningar helgarinnar

### Unstoppable

**Leikstjóri:** Tony Scott. **Aðalhlutverk:** Denzel Washington, Chris Pine og Rosario Dawson. **Lengd:** 90 mín. **Dómar:** Imdb: 7,2 / Rotten Tomatoes: 86%. **Aldurstakmark:** Leyfð öllum. **Kvikmyndahús:** Smárabíó, Laugarásbíó og Háskólabíó.



### Easy A

**Leikstjóri:** Will Gluck. **Aðalhlutverk:** Emma Stone, Penn Badgley og Amanda Bynes. **Lengd:** 92 mín. **Dómar:** Imdb: 7,7 / Metacritic: 7,2 / Rotten Tomatoes: 87%. **Aldurstakmark:** Leyfð öllum. **Kvikmyndahús:** Smárabíó, Háskólabíó og Borgarbíó.



### Gnarr

**Leikstjóri:** Gaukur Úlfarsson. **Lengd:** 94 mín. **Dómar:** Engir dómar komnir. **Aldurstakmark:** Leyfð öllum. **Kvikmyndahús:** Sambíóin Álfabakka, Kringlunni, Keflavík, Akureyri og Selfossi.



### Artúr 3

**Leikstjóri:** Luc Besson. **Aðalhlutverk:** Freddie Highmore, Mia Farrow og Robert Stanton. **Lengd:** 101 mín. **Dómar:** Imdb: 5,7. **Aldurstakmark:** 7 ára. **Kvikmyndahús:** Smárabíó, Háskólabíó, Laugarásbíó og Borgarbíó.



## Jackass 3D

**Leikstjóri:** Jeff Tremaine. **Aðalhlutverk:** Johnny Knoxville, Bam Margera, Ryan Dunn, Steve-O, Jason Acuna, Preston Lacy og Chris Pontius. **Lengd:** 94 mín. **Dómar:** IMDB: 7,3 / Metacritic: 5,6 / Rotten Tomatoes: 6,3. **Aldurstakmark:** 12 ára. **Kvikmyndahús:** Smárabíó, Laugarásbíó og Borgarbíó.



Fíflin í Jackass í svívirðilega myndinni mynd. Nú eru þeir mættir til leiks í þrívídd.



VILTU MIÐA?  
facebook.com/monitorbladið

**OPIÐ TIL KL. 22:00 Í KVÖLD Í SMÁRALIND**

# 20%

## Afmælisafsláttur af öllum vörum

**1 ÁR FRÁ OPNUN Í SMÁRALIND - PARTYSTEMNING Í KVÖLD:**  
DJ BENNI B RUFF | JÓN RAGNAR & FRÍÐRIK DÓR | LÉTTAR VEITINGAR

Kíktu til okkar í kvöld og settu nafn þitt í Lúkkupott 17  
50 þúsund króna gjafabréf dregið út kl. 22

OPIÐ TIL KL. 22:00 Í KVÖLD Í SMÁRALIND

**galleri sautján | focus**

SMÁRALIND



GULLMOLI VIKUNNAR

„Mig langar til að bíða með að stunda kynlíf þar til ég er gift.“

Britney Spears







## Stjörnustríð

Lindsay Lohan og Kim Kardashian klæddust sama kjólnum frá Brian Lichtenberg. Hettan hjá Lindsay gerir hann svolítið rokkaralegan en Kim er í flottari og grófari skóm sem passa mun betur við kjólinn. Þær deila því titlinum.

Það er óhætt að segja strax að Rihanna rústar Jennu Elfman í þessari baráttu. Þær klæðast röndóttum kjól frá Alexander McQueen. Jenna er kvenlegri á meðan Rihanna rokkar hann upp með fylgihlutum og hettunni.

Söngkonan LeAnn Rimes klæðist hér kjól frá Julia Clancey en það gerir einnig feegurðardísinn Shanna Moakler. Stílnum finnst þær báðar þulla kjólinn einstaklega vel. Shanna fær þó vinninginn þar sem skórnir hennar eru fallelgrí.

Anne Hathaway og fyrirsætan Chanel Iman féllu báðar fyrir Marc Jacobs kjólnum sem fer líkamsbyggingu þeirra beggja vel. Chanel ber þó sigur úr bitum því Stílnum þykir að þessu sinni fallelgra að vera sokkabuxnalaus við kjólinn.



Linda klæðist fötum frá vinnufataversluninni Vír og 66°Norður 66°N Logn hettupeysu 16.500 kr. Laugavegur dúnjakki 28.500 kr. Dickies cargo buxur 12.500 Dickies skór 16.000 kr.

EF LINDA VÆRI BUFF VÆRI HÚN LINDUBUFF, ÞVÍ HÚN ER SVO SÆT

## Hlýtt fyrir veturinn

### Linda Benediktsdóttir í vetrarfátnaði frá Vír

Linda Benediktsdóttir  
22 ára, módel og nemi í lífefnafræði

**Hvernig er að vera í lífefnafræði?** Það er svakalega mikil vinna, en samt skemmtilegt. Þetta er náttúrulega mitt áhugasvið og þetta er gaman.

**Hvaða litum klæðist þú helst?** Svörtum, ég á mjög mikið af dökkum fötum. Núna á ég reyndar líka mikið af kamellituðum bolum, það var eitthvað mikið í sumar.

**Hvar finnst þér skemmtilegast að versla?** Ég verslaði mikið í New York og Boston í sumar en það eru bestu staðirnir til að versla. Ég reyni að nýta mér þegar ég fer erlendis og versla þar.

**Hvaða tónlist getur þú alltaf hlustað á?** Hljómsveitin the XX, ég fæ ekki nóg af þessari hljómsveit. Spila það til dæmis mikið þegar ég er að læra.

**Hver er uppáhaldshönnuðurinn þinn?** Mér finnst Chanel alltaf klassískt. Annars er ég mjög hrifin af MiuMiu og Chloé, þó að þeir séu alveg endalaust fleiri sem eru í uppáhaldi.

**Hver er uppáhaldsfíkin þín?** Ég keypti mér eina rosalega kósí peysu úti frá DKNY og það er hægt að breyta henni eins og maður vill svo hún er eins og ný og ný fílk. Hún er í miklu uppáhaldi núna.

**Hvort kaupir þú þér frekar skó eða fót?** Föt en ég er örugglega með þeim fáu sem finnst skemmtilegra að kaupa mér fót.



BJÖRT, MARTA OG SUNNA  
DÖGG SELJA SKRAN UM HELGINA

Mynd/Árni Sæberg

# Vandaðar vörur á skransölu

Skransalan **SKRANANAS** verður með allt mögulegt á boðstólnum eins og til dæmis hátískufatnað og heimilistæki.

„Þetta er svolítið meira en bara venjulegur fatamarkaður,“ segir Björt Ólafsdóttir en hún, ásamt hópi fóngulegra kvenna og karla, stendur fyrir vetrarmarkaðnum SKRANANAS sem haldinn verður laugardaginn 13. nóvember frá kl. 11-18 í Hugmyndahúsi Háskólanna. Hópurinn sem stendur fyrir skransölnni samanstendur af fólki úr ýmsum áttum að sögn Bjartar. „Þetta eru kennarar, húsmæður í barneignarleyfi, hönnuðir og bara allur skalinn af fólki,“ segir Björt og bætir við að til sölu verði fallelgar fíkur. „Við erum allar mjög smart stelpur svo það verður margt fallett á boðstólum,“ segir Björt en ásamt fötum verða þær ásamt mökum með ýmslegt fleira á boðstólum. „Það verða líka heimilistæki, skór, geisladiskar, barnaföt og auðvitað strákaföt,“ segir Björt, svo strákar mega alls ekki láta sig vanta á

skransöluna. „Strákarnir eru aðallega að selja skó og geisladiska en auðvitað margt annað líka.“ Björt verður með hágæðafatnað til sölu og allt verður á mjög góðu verði að hennar sögn. „Ég verð aðallega með vönduð föt,“ segir Björt en í gegnum tíðina hefur hún hent lélegu eintökum fatakápsins. „Föt úr H&M og einhver úr lélegum efnum fóru bara beint í ruslið þegar ég hætti að nota þau svo það sem eftir stendur eru virkilega flottar fíkur úr vönduðum efnum,“ segir Björt um það sem verður á boðstólnum hjá henni. „Þetta eru föt sem ég hef aldrei tímt að henda en hef samt ekki notað í einhvern tíma,“ segir Björt ánægð með úrvalið. „Fötin eru úr KronKron og frá Opening Ceremony, Kishimoto og svo verð ég með vintage föt úr Spútnik og margar fallelgar yfirhafnir.“

**TJARNARBÍÓ**

**Unglist** 5.-13. NÓV. Nánar á [www.tjarnarbio.is](http://www.tjarnarbio.is)

**Sirkus Sóley** SUN 14. NÓV. Sirkus Ísland

**NÆSTA VÍKA:** Nýtt leikverk eftir Jón Atla

**Mojito** FORSÝNING 16. NÓV. FRUMSÝNING 17. NÓV.

**TÓNLEIKAR** 18. NÓV. Sigríður Guðnadóttir

**Hjaltalín** 19.-20. NÓV. ÚTGÁFUTÓN.

Mibásalan er opin virka daga frá kl. 13-15 Sími: 527 2100 [www.tjarnarbio.is](http://www.tjarnarbio.is)

TJARNARBÍÓ Tjarnargötu 12 - 101 Reykjavík

**prófaðu** LIFE IS BEAUTIFUL

**Grillhúss Rock Rolls** Kr. 1.590.-

**Grillhúsið**



LINDBERG<sup>COM</sup>

MOD BASE 8 / 811 / 73

GLER: HOYA

Optical Studio

SMÁRALIND • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK



**SJÁÐU JACKASS EINS OG ÞÚ HEFUR ALDREI SÉÐ ÁÐUR!**



# jackass 3



FYNDNARI OG FÁRÁNLEGREI EN NOKKURN TÍMANN ÁÐUR, TEKIN Í FLOTTUSTU ÞRÍVÍDDARTÆKNI SEM VÓL ER Á!

LAUGARÁS **BÍO** SMÁRRA **BÍO** ALFABAKKI **SAMBÍO** BORGAR **BÍO**

**FRUMSYND 12. NÓVEMBER**  
jackassmovie.com  
© 2010 Paramount Pictures. All Rights Reserved.

Vir vinnufataverslun  
Grensásvegi 8 | Sími 535 6670  
Vottaður vinnufatnaður



## LOKAPRÓFIÐ

| 11. nóvember 2010 |



Ég heiti Annar Grant

Þegar ég var lítill langaði mig að verða bóndi

en í staðinn varð ég vodvatróll

Þú veist hver ég er af því út þat.  
Hvað líkar á þér að þú  
nútt einkavegafarirnar kan  
World (kub) eða drukkio  
Hámark.

Að vera einkapjálfari

- a) Er skemmtilegt því ég fæ að pína fólk.
- b) Er ekkert sérstakt og mig langar meira að snúa mér að hestamenskunni.
- c) Er hundleiðinlegt þegar aumingi- ar koma til mín.
- d) Er mín leið til að gefa af mér út í samfélagið.
- e) Allt ofantalið.



Ég er fáránlega massaður en

- a) Ég lyfti aldrei heldur fæddist bara svona glatan!
- b) Ívar Guðmunds er massaðri.
- c) Flestir elska mig út af persónuleika mínum.
- d) Samt drekk ég ekki Hámark.
- e) Það háir mér ekki neitt í lífinu.



Það sem fáir  
vita um mig  
er að ég tek  
100 ármbeygjur  
á innan við  
mínútu og  
er geðveikt  
Sálgætt í  
Súkkulati.

Besta kvikmynd allra tíma er

Pulp Fiction en sú lélegasta er The Blob

Núna langar mig mest í

- a) Bíl.
- b) Búst. iskaldan Hámark.
- c) Barn.
- d) Bollu.
- e) Body Pump.

Ekki spyrja mig um Fótbolta  
en ég er sérfræðingur í Líkamsrækt  
og mataræði.

Af eftirfarandi hata ég mest

- a) Feitt fólk.
  - b) Hreyfingu. X ekki nátt.
  - c) Hleðslu.
  - d) Kolvetni.
  - e) Kaffi.
- Af því að ég er svo  
jahvatur.



En þú mátt kalla mig hvað sem þú vilt.  
Sparning samt hvaft ég Svari.

Minn helsti galli er að ég geng  
sparklega seint til máða.  
en það þesta við mig er að ég vakna.  
ávallt forskur er högráttin  
uppmálur og er geðgödur met af þeim.  
Ef ég mætti gera einn Facebook status sem  
allur heimurinn sæi myndi ég skrifa  
Move your asses, think positive and  
you will live a happier life!



Uppáhaldsvöðvinn minn er

- a) Tvihöfðinn
- b) Þrihöfðinn
- c) Gluteus Maximus (rassvöðvinn)
- d) Upphandleggsvöðvinn
- e) Brjóstsvöðvinn

Því hann kallar fram ómilda  
áðdawn og gleði þegar  
ég flexa hann.

Ævisaga mín myndi heita

af því að X

Ég myndi endilega vilja taka eina

- lyftingæfingu með
- a) Magnúsi Scheving.
- b) Magnúsi Ver.
- c) Haffa Haff.
- d) Gunnari Nelson.
- e) Gillzenegger.

Af því að hann er  
stórskemmtileg

Uppáhaldsmaturinn minn er hreyndyrakjöt

en ég borða alls ekki

Svínakjöt.

Vinir mínir kalla mig


- a) Adda.
- b) Grantarann.
- c) Gadda.
- d) Arnar.
- e)

## Síðast en ekki síst

» **Arnór Dan**, söngvari *Agent Fresco*, fílar:

**Kvikmynd Toy Story 3.**

Sorri, stundum þarf maður að kúpla sig úr alvarleika lífsins og missa sig úr hlátri. Þessi mynd var foking skiturinn!



**Sjóvarpsáttur Twin Peaks.**

David Lynch, Mark Frost, snilldar tónlist eftir Angelo Badalamenti, dulúðin, undarlegar paródíur af amerískum sápuóperum og djúpur súrrealismi. Líf mitt kláraðist þegar ég lauk við síðasta þáttinn.




**Bók The Road** eftir

Cormac McCarthy. Falleg og áhrifamikil saga. Það var sambandið milli feðganna sem heillaði mig mest. Beint í hjartastað.



**Plata The Blood Brothers** með Young Mache-

tes. Þeir hafa alltaf veitt mér mikinn innblástur.



**Vefur Politiken.dk.** Verandi uppallinn í Danmörku er orðaforðinn minn á við 6 ára Færeying. Til að mynda hef ég lesið meira um kreppuna í dönskum miðlum en íslenskum. Svo sitja Tóti og Keli sveittir við að þýða þennan texta úr ensku. Tóti og Keli: „Hæ. Þetta er erfitt.”

**Staður** Ég myndi segja langur göngutúr um miðbæ Reykjavíkur um nótt eða sólsetur. Bróðurpartur texta og laglína á nýju plötunni okkar, A Long Time Listening, eru komin frá þessum göngu- túrum með tónlistina okkar í eyrunum.





# fílófaxið

fimmtudagur **11** nóv

## E-LABEL EXCLUSIVE

**Topshop**  
**17:00** Tískugjörningur E-Label Exclusive þar sem kynnt verður nýjast lína fyrirtækisins. Haffi Haff sér um tónlistina, afsláttur af Exclusive línunni og léttar veitingar fyrir gesti.



## UNGLIST - FJÖLLEIKUR

**Tjarnarbíó**  
**20:00** Nemendur úr Listaháskóla Íslands standa fyrir fjöllista-kvöldi. Flutt verða áhugaverð atriði og gerðar tilraunir af ýmsum toga. Fritt inn.

## REYKJAVÍKURNÆTUR NOVA

**NASA**  
**21:00** Tónleikaröðin Reykjavíkurnætur Nova hefst þann 11. nóvember með tónleikum Diktu og Cliff Clavin. Miðaverð er 1.000 kr. en viðskiptavinir Nova fá fritt inn.

## TÓNLEIKAR

**Faktorý**  
**21:00** Fram koma Lay Low, Rökkurró og Of Monsters and Men. Selt er við innganginn og er miðaverð 1.000 kr.

## DEEP PURPLE TRIBUTE

**Sódóma**  
**22:00** Eyþór Ingi og félagar taka aðra Deep Purple tónleika vegna fjölda áskorana. Ætlunin er vist að toppa fyrra skiptið svo stemningin verður góð. Miðaverð er 1.200 kr.

## LANGI SELI OG SKUGGARNIR

**Dillon**  
**22:30** Rokk og ról með Langa sela og skuggunum hans. Fritt inn.

föstudagur **12** nóv

## BLÚNDUR OG BLÁSÝRA

**Hátíðarsalur Verzló**  
**20:00** Listafélag Verzlunarskóla Íslands setur upp leikritið Blúndur og blásýra í ár. Miðaverð er 1.000 kr.

## PEARL JAM HEIÐURSTÓNLEIKAR

**Sódóma**  
**22:00** Magni og félagar spila lög Pearl Jam. Verð er 1.500 kr.

## VIGGÓ OG VÍÓLETTA

**Barbara**  
**22:30** Dúettinn Viggó og Víóletta trylla lýðinn með flutningi sínum á lögum úr frægum söngleikjum og kvikmyndum. Þau verða með mánaðarleg kvöld á Barboru í vetur og ætla að gefa tóninn á föstudagskvöldið. Fritt inn.

laugardagur **13** nóv

## UNGLIST - TÍSKUSÝNING

**Tjarnarbíó**  
**20:00** Nemendur fataiðndeildar Tækniskólans sýna hæfni sína í hönnun og handverki. Fritt inn.



## TÓNLEIKAR

**Sódóma**  
**22:00** Sólstafr, XIII, Stafrænn Hákon og metalsveitin Skálmöld með tónleika. Miðaverð er 1.000 kr.

## PENDULUM

**Nasa**  
**23:30** Teknóhljómsveitin Pendulum stígur á stökk ásamt fleirum. Miðaverð er 2.990 kr. og forsala miða er í versluninni Mohawks.



## POLLAPÖNK

Salurinn Kópavogi  
Sunnudagur kl. 17:00

## Stuðrokkpönk fyrir börn á öllum aldri

„Við Halli útskrifuðumst úr Kennaraháskól- anum árið 2006 og þetta var hluti af loka- verkefninu okkar, að gera barnplötu,“ segir Heiðar Örn Kristjánsson en hann og Haraldur F. Gíslason eru forsprakar hljómsveitarinnar Pollapönk. „Þar byrjaði Pollapönksævintýrið.“ Hljómsveitin Pollapönk verður með tónleika á sunnudaginn til að fagna með pompi og prakt útgáfu plötunnar Meira Pollapönk sem kom út í sumar en platan er önnur breiðskífa sveitarinnar. „Núna ákváðum við að henda í aðra plötu og erum orðnir að rokhljómsveit fyrir börn á öllum aldri,“ segir Heiðar og lofar góðri skemmtun í Salnum á sunnudaginn fyrir krakka með hár, kalla með skalla og allt þar á milli. „Við munum spila lög af nýju plötunni og vinsælustu lögum af gömlu plötunni svo þetta verður rosalega skemmtilegt.“

Hægt er að kaupa miða á [midi.is](http://midi.is) og miða- verð er 2.000 kr.

## Álfrún Helga

Ég er ekki með mikil plön fyrir helgina en það væri gaman að kíkja í leikhús á föstudagskvöldið að sjá Fjölskylduna sem ég missti af í fyrra. Ég verð heima með dóttur minni á laugardagskvöldið og við horfum líklega á einhverja skemmtilega teiknimynd. Svo á sunnudaginn er ég að leika Dísu ljósálf í Austurbæ.



**Helgin mín**

**TVÍBURAR?**

**EKKERT VANDAMÁL**

VERTU EKKERT SMÁ ÓMÓTSTÆÐILEGUR

**AXE**

temptation  
NEW  
AXE  
DRY  
DRY ACTION  
FYRIR KARLMENN



Samsung GALAXY 5



ENNEEM / SIA / NM44069

# Vertu á Facebook í símanum

Netið í símanum frá 490 kr. á mánuði.

## Samsung Galaxy 5

0 kr. útborgun m.v. 12 mánaða greiðsludreifingu eða 12x2.990 kr. og á leggst 250 kr. dreifingargjald.

Android 2.1 sími sem fer ótrúlega vel í vasa og er á frábæru verði. Síminn styður 3G, 3GL og Quad-band með WiFi og GPS.

1.000 kr. inneign á mánuði í 12 mánuði fylgir.

[www.ring.is](http://www.ring.is) / [m.ring.is](http://m.ring.is)



[www.facebook.com/ringjarar](http://www.facebook.com/ringjarar)



VERTU MEÐ